

Fundur 2. febrúar 2022 – Stjórn, trúnaðaráð og trúnaðarmenn.

Dagskrá:

1. Listi uppstillingarnefndar 2022-2023.
Helgi Sv. Jóhannsson kynnti listann og var hann samþykktur samhljóða.
2. Vinna starfsmanna FVSA og VR, þar sem rýnt er í kjarasamning LÍV og VR.
Eydís Bjarnadóttir fór yfir allmargar glærur með tillögum að breytingum á ýmsum liðum eldri samnings. Nokkrar umræður urðu í framhaldinu og ábendingar til að fara með áfram í kjarasamningsviðræðurnar.
Fundurinn samþykkti áframhaldandi vinnu á þessum málum og gaf starfsfólki FVSA heimild til þess.
3. Áætlun við mótun kröfugerða FVSA vegna komandi kjarasamninga.
Eiður fór yfir áætlunina og var hún samþykkt.
María Rut Dýrfjörð fór yfir drög að skoðanakönnun sem gera á meðal félagsmanna, sambærilega og gerð var 2018 og mun Gallup sjá um könnunina. Nokkrar spurningar og umræður urðu um könnunina. Fékk skrifstofan heimild til að klára spurningarnar og koma könnuninni á koppinn.
4. Kvennaráðstefna ASÍ – Fytjum uppá nýtt.
Konum í stjórnnum og ráðum gefinn kostur á að fara, 6 konur alls.
5. Önnur mál
Eiður ræddi um verkalýðsmál og þakkaði fyrir fundinn.

Fleira ekki gert og fundi slitið.